



**SKOÐUN** Laun grunnskólakennara eftir fimm ára háskólanám eru ekki boðleg skrifar Lis Ruth Klörudóttir **14**



**MENNING** Tónleikaröðin Ljáðu okkur eyra hefst að nýju í Fríkirkjunni á miðvikudaginn. **20**



**SPORT** Norðmenn sækja innblástur til Íslenska landsliðsins fyrir næstu undankeppni liðsins. **26**



**Whirlpool**  
PVOTTAVÉLAR  
**Heimilistæki** ht.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

14. október 2013  
241. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR




### Brúin sögð hættuleg

Gangandi og hjólandi vegfarendum er sögð stafa hættu af þrengslum á brúnni yfir Blöndu. Polinmæði heimamanna er á þrotum. **10**

**Bílpróf boðin út** Samgöngustofa ætla í haust að bjóða út umsjón bílprófa í fyrsta sinn frá árinu 2001. Frumherji hefur annast prófin í 11 ár. **2**

**Voru ekki að leita að geimverum** Líf tveggja manna, sem fyrir 40 árum sögðust hafa verið numdir brott af geimverum, varð aldrei aftur samt. **6**

**Eyðslusamur biskup** í Limburg í Þýskalandi er biskup í vandræðum af því að hann byggði sér fimm milljarða króna hús. **8**



Bolungarvík	6°		ASA 2
Akureyri	7°		A 3
Egilsstaðir	6°		NV 1
Kirkjubæjarkl.	7°		NNA 3
Reykjavík	10°		SA 4

**Hljást SV-til** í dag verður strekkingur við suðurströndina, annars hægur vindur. Léttskýjað N- og A-til en fremur skýjað S- og V-lands. **4**

## 3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Eldhús | Fólk



## 62.000 hafa farið á atvinnuleysisrá

Frá 2008 til dagsins í dag hefur um þriðjungur vinnandi manna á Íslandi verið á atvinnuleysisrá í lengri eða skemmri tíma. Atvinnuleysi gæti aukist hratt að nýju.

**VINNUMARKAÐUR** Um 62 þúsund manna hafa farið inn á atvinnuleysisrá Vinnuáráðs frá ársbyrjun 2008 til dagsins í dag. Útgreiddar atvinnuleysisbætur á sama tímabili losa 120 milljarða króna, en tugir milljarða hafa runnið til sértækra aðgerða til að styðja við atvinnulausa.

Þetta má lesa úr gögnum Vinnuáráðs telur um 180 þúsund manna. Því var um þriðjungur vinnandi manna á landinu á atvinnuleysisrá á tímabilinu, lengur eða

skemur. Þar af komu tæplega 34 þúsund manna við sögu hjá stofnuninni árið 2009.

Runólfur Ágústsson, stjórnarformaður Vinnuáráðs, segir að hátt í 20 þúsund manna hafi nýtt sér vinnuáráðsúræði; niðurgreidd störf og lengri námsáætlunir sem skýri að hluta fjölda þeirra sem hafa skráð sig og fengið aðstoð. „Okkur hefur tekist að milda mjög áhrif kreppunnar. En þetta er ein skýrasta mynd hennar. En sem hlutfall af vinnuáráði eru þetta allveg ótrúlega margir.“

Runólfur segir að staðan á vinnuáráði sé mjög viðkvæm en árangur vinnuáráðsúræða síðustu ára afar góðan. Hann sé þó ekki endilega varanlegur. Aðgerðirnar, hverju nafni sem þær nefnast, séu í eðli sínu skammtímaaðgerðir sem snúast um að tröða marvaðann í kreppu. „Allt ræðst núna af því að hagvöxtur aukist fljótt og vel. Ef það kemur ekki til fjárfesting og atvinnulífið fer ekki af stað þá er hætt við að atvinnuleysið geti aukist mjög hratt aftur.“

- shá / sjá síðu 4



**PINGVELLIR** Ferðamenn fylgdust með fjölda urriða ganga upp Öxará að hrygningarstöðvum í gær. Þingvallaurriði er sá stærsti á landinu og jafnvel í heiminum og eru vöðurnar mikið sjónarspil. Sjá síðu 4.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



**SIGNÍÐUR THORLACIUS** Syngur lög við gömul jólaljód á væntanlegri plötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Upptökur í Sundlauginni: Syngur lög við gömul jólaljód

**TÓNLIST** Sigríður Thorlacius hefur undanfarna daga verið að syngja inn á nýja jólaplötu með lögum Guðmundar Óskars Guðmundssonar, félag hennar úr Hjaltalín, og Bjarna Frímans Bjarnasonar. Löginn sömdu þeir við gömul íslensk jólaljód og fara upptökurnar fram í Sundlauginni í Mosfellsbæ.

„Þetta gerðist mjög hratt. Þetta var hugmynd sem þeir köstuðu fram og þeir fóru strax að vinna í þessu,“ segir Sigríður. „Við fórum að grúska og finna ljód, til dæmis eftir Tómas Guðmundsson, Einar Braga og Davíð Stefánsson.“

- fb / sjá síðu 30

## Íslenskur piltur handtekinn: Kókaínsmygl í Argentínu

**SMYGL** Íslenskur karlmaður, 21 ára gamall, var handtekinn í Argentínu á fimmtudaginn var fyrir kókaínsmygl. Maðurinn var með 4,5 kíló af kókaíni í fórum sínum á leið úr landinu. Hann hefur nú verið úrskurðaður í varðhald í Argentínu. Utanríkisráðuneytið fylgist að sögn vel með málinu ásamt því sem Borgaraþjónustan vinnur að gangi málsins. Maðurinn hefur fengið lögfræðing en óvíst er hversu lengi rannsókn málsins mun standa.

- fbj

## Vopnaðir menn rændu sjö sjálfboðaliðum Rauða krossins í Sírylandi: Hjálparstarfsmönnum rænt

**SÝRLAND** Sjö hjálparstarfsmönnum Alþjóða Rauða krossins var í gær rænt af vopnuðum mönnum í borginni Idlib í norðvesturhluta Sírylands. Sex þeirra eru fulltrúar Alþjóðaráðs Rauða krossins og einn er starfsmaður Rauða hálfmánans. Óljóst er hverjir standa á bak við ránið og hvort þeir gera einhverjar kröfur.

Þórir Guðmundsson, sviðsstjóri hjálparstarfssviðs Rauða krossins á Íslandi, segir Alþjóða Rauða krossinn ekki hafa sent frá



ÞÓRIR GUÐMUNDSSON

sér neinar upplýsingar um málið. Hann segir mjög alvarlegt þegar svona lagað gerist þar sem víðast hvar sé hlutleysi Rauða krossins virt og viðurkennt. Það sé starfsaðferð Rauða krossins að vera í góðu sambandi við deiluaðila þar sem þeir eru á ferð á átaksvæðum til að tryggja öryggi sjálfboðaliða sinna.

Alþjóðaráð Rauða krossins hefur gert þá kröfu á Facebook síðu sinni að starfsmennirnir sjö verði tafar- og skilyrðislaust leystir úr haldi.

- fbj

Ultra reach tannburstinn frá **zendium**

Mótaður eftir áhöldum tannlækna til að ná lengra

Góði tannhirðirinn **zendium**

**OPÍÐ 24 TÍMA** Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla  **Iceland**

NÝ 6 VIKNA NÁMSKEIÐ  
**21. OKTÓBER**

**STYRKUR**  
**LÍFSTÍLL**  
**HARDCORE**  
**BRENNSLA/MÓTUN**

**World Class ICELAND**  
worldclass.is





©DISNEY

## VIÐ VILJUM SJÁ ÞIG

Arion banki hefur, í samstarfi við Samgöngustofu, sent öllum börnum fæddum árið 2007 endurskinsmerki að gjöf. Önnur börn sem langar í merki geta nálgast þau í næsta útibúi Arion banka.

Komdu í heimsókn því við viljum sjá þig.



SVONA ERUM VIÐ



### 397 Þúsund tonn of flokk- uðum úrgangi komu frá íslenskrí stóriðju árið 2011.

Samtals er úrgangur frá stóriðju 524 þúsund tonn og voru því rúm 75% úrgangsins flokkuð. Árið 2001 var magn flokkaðs úrgangs 126 þúsund tonn og heildarmagnið 461 þúsund tonn. Þá voru rúm 27% úrgangs flokkuð. Heimild: Hagstofa Ísland

Mikilvægt að gestir þjóðgarðsins trúfli ekki urriða í hrygningu:

## Urriði gengur upp Öxará

**NÁTTÚRUFAR** Ferðamenn fylgdust í gær með urriðagöngu í Öxará á Þingvöllum. Urriðinn í Þingvallavatni þykir mjög stór og er gaman að horfa á atganginn í honum. „Þetta er óvanalega flott, því þú sérð þetta hvergi annars staðar svona glæsilegt. Hann er svo stór og áberandi. Þingvallaurriðinn er stærsti urriði landsins og ef að líkum lætur veraldar. Þannig að það er eðlilegt að mönnum finnist þetta tignarlegt,“ segir Jóhannes Sturlaugsson, eigandi

Laxfiska ehf., sem fór með 150 til 200 manna hóp í fræðslugöngu upp með Öxará á laugardaginn. „Það gekk vel og góð mæting. Veðrið var leiðinlegt í bænum en fínasta veður á Þingvöllum.“ Þrátt fyrir að um mikið sjónarspil sé að ræða þurfa þjóðgarðsgestir að passa sig að trúfla urriðann ekki. „Það er mælst til þess að fólk sé ekki alveg framma á bakkanum að trúfla fiskinn við hrygninguna,“ segir Jóhannes. - sk6



**VADANDI URRIÐI** Á leið sinni á hrygningarstaði í Öxará svamlar hinn stóri Þingvallaurriði mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Samningur um bætt öryggi:

## IKEA sætir gagnrýni

**SVÍPÍÐ** Sænskur verkefnisstjóri Fair Trade-samtakanna, Maria Sjödin, gagnrýnir IKEA og fleiri sænsk fyrirtæki fyrir að hafa ekki undirritað alþjóðlegan samning um bætt öryggi í verksmiðjum í Bangladesh. 91 tiskufyrirtæki hefur skrifað undir, þar á meðal Benetton, Puma, H&M og Stockman sem á Lindex. Yfir 1.100 létust þegar verksmiðja hrundi í Bangladesh fyrr á þessu ári. Átta létust í eldsvoða í verksmiðju 8. október síðastliðinn. - ibs



**FALLNIR FLÓTTAMENN** Fjöldi lætur lífið á Miðjarðarhafinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjöldi streymir frá Líbýu:

## Flóttamanna- vandi á Möltu

**MALTA, AP** Joseph Muscat, forsætisráðherra Möltu, er mættur til Líbýu til að ræða fólksflutninga milli landanna við forsætisráðherra Líbýu, Ali Zidan. Fundurinn er haldinn í kjölfar öldu harmleikja sem orðið hafa á Miðjarðarhafinu undanfarnar vikur þar sem hundruð flóttamanna hafa druknað við tilraunir til að komast frá Líbýu til Möltu. Flestir þessara flóttamanna koma frá Sýrlandi þar sem þeir reyna að komast frá borgarastyrjöldinni sem geisar þar. - fbj

Isavia um flugvelli vestra:

## Biður um hjálpar Ísafjarðarbæjar

**SAMGÖNGUR** Isavia segir flugvöllinn á Þingeyri ónothæfan undir vissum kringumstæðum vegna skemmda á klæðningu. Þetta kemur fram í bréfi Isavia til Ísafjarðarbæjar. „Einnig eru endurbætur á bílastæði og aðkomu að Ísafjarðarflugvelli meðal verkefna sem fara þarf í. Ekki hefur fengist nægilegt fjármagn til endurbóta á flugvöllum. Isavia vill benda á að erindi frá Ísafjarðarbæ til stjórnvalda um aukið fjármagn vegna flugvallanna er mikilvægt líó á vogarskálarnar um framtíð innanlandsflugsins,“ segir um bréf Isavia í fundargerð bæjarráðs. - gar

# Þriðjungur vinnuaflsins á atvinnuleysissskrá frá hrundi

Frá árinu 2008 til dagsins í dag hefur einn af hverjum þremur vinnandi mönnum á Íslandi komið inn á atvinnuleysissskrá í lengri eða skemmri tíma. Hátt í 20 þúsund manns hafa nýtt vinnumarkaðsúrræði.

**ATVINNUMÁL** Fjöldi skráninga á atvinnuleysissskrá Vinnumálastofnunar frá ársbyrjun 2008 til dagsins í dag eru um 62 þúsund talsins. Útgreiddar atvinnuleysisbætur á sama tímabili losa 120 milljarða króna, en tugir milljarða hafa runnið til sértækra aðgerða til að stöðja við atvinnulausa.

Þetta má lesa úr gögnum Vinnumálastofnunar. Einnig að á árinu 2009 komu tæplega 34 þúsund manns við sögu hjá stofnuninni, sem er það mesta sem sést hefur á einu ári.

Hér skal hafa hugfast að hér eru allir taldir ána tillits til þess í hversu langan tíma viðkomandi var á skrá og hverjar aðstæður viðkomandi voru. Meðal aðgerða stjórnvalda til að sporna við atvinnuleysi var til dæmis upptaka hlutabóta sem heimilaðar voru með lagabreytingu fyrir áramótið 2008. Úrræðið mæltist vel fyrir og nýttist um 13% þeirra sem voru á atvinnuleysissskrá eftir áramótið 2009 þegar atvinnuleysið var hægt og bitandi að ná hæstu hæðum.

Runólfur Ágústsson, stjórnarformaður Vinnumálastofnunar, segir fjöldann benda til sveigjanlegs vinnumarkaðs, í fyrsta lagi. Hins vegar að hátt í tuttugu þúsund manns hafi nýtt sér lengri vinnumarkaðsúrræði; niðurgreidd störf og lengri námssamninga. „Úrræðin hafa virkað mjög vel og tappað af kerfinu, ef svo má segja. Fáir sem hafa farið inn í slík verkefni hafa komið til baka á bætur þegar niðurgreiðsla líkur,“ segir Runólfur og bendir á að úrræði-



**VINNANDI MENN** Staðan á vinnumarkaði er sögð mjög viðkvæm og óvíst að árangur sem náðst hefur síðustu ár við að vinna á móti atvinnuleysi sé varanlegur. Vinnumarkaðsaðgerðir séu í eðli sínu tímabundin verkefni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

in hafi ekki síst nýst ungu fólki. „Okkur hefur tekist að milda mjög áhrif kreppunnar. En þetta er ein skýrasta mynd kreppunnar. Sem hlutfall af vinnumarkaði eru þetta alveg ótrúlega margir.“

Runólfur segir að staðan á vinnumarkaði sé mjög viðkvæm og árangur síðustu ára ekki endilega varanlegur. Vinnumarkaðsaðgerðirnar, hverju nafni sem þær nefnast, séu í eðli sínu skammtímaaðgerðir sem snúast um að tröða marvaðann í kreppu. „Það er engin framtíð í því að niðurgreiða

## 62.000 af 182.000 á atvinnuleysissskrá

- Um mitt ár 2013 taldi vinnuafli á Íslandi 182 þúsund manns, eða þá sem eru á aldrinum 16-74 ára, í vinnu eða í atvinnuleit. Því jafngilda 62 þúsund skráningar því að nálægt einn af hverjum þremur vinnandi mönnum á Íslandi hafi skráð sig hjá Vinnumálastofnun á þessum tæpu sex árum.

störf með almannaafé. Þetta má ekki standa lengi því það er óhollt fyrir atvinnuleysi að venjast á það að geta fengið hluta sinna starfa greiddan með almannaafé. Allt ræðst núna af því að hagvöxtur

aukist á fljótt og vel. Ef það kemur ekki til fjárfesting og atvinnuleif-  
ið fer ekki af stað þá er hætt við að atvinnuleysið geti aukist mjög hratt aftur.“

svavar@frettabladid.is

## Parfnastu meiri orku til daglegra starfa?



**Orkulausnir** henta þeim sem glíma við orkuleysi, þrekleysi, verki eða svefnvanda. Hentar vel þeim sem vilja byggja upp orku vegna vefjagigtar eða eftir veikindi.


- Hefst 22. október - 8 vikur
- Þjálfun 2x í viku
- Fræðsla og einstaklingsviðtal
- Þjálfari: Linda Gunnarsdóttir, sjúkráþjálfari



**HEILSUBORG**  
Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík  
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



**Miðvikudagur**  
Yfirleitt hægur vindur.

**Soffía Sveinsdóttir**  
veðurfréttamaður

# Segðu 41 megapixla SÍÍÍIS!

**NOKIA**  
**LUMIA 1020**

**4G**



Nokia Lumia 1020

**129.990 kr.** stgr.

**7.890 kr.** /18 mán.

**1 GB**  
á mánuði  
í 6 mán.  
fylgir!

**41**  
megapixla  
myndavél



**Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | Facebook | Twitter

**NOVA**

VEISTU SVARID?



1. Hvað hafa margir skráð sig úr þjóðkirkjunni á síðustu þremur árum?  
2. Hverju er spáð um þróun húsnæðisverðs hér á landi?  
3. Hve mörgum lífsýnum ætlar Íslenskerfðagreiðning að safna í nýrri söfnum?

SVÖR  
1. Ríflega tíu þúsund. 2. Áframhaldandi  
hækkunum. 3. Þrjátíu þúsund sýnum.

Segir fjölmennasta hóp þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð hafa orðið fyrir kaupmáttarrýrnun:  
**Segir lægri bætur ávísun á enn lægri laun**

**STJÓRNMÁL** Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna, segir að á þessu kjörtímabili hafi í raun orðið kaupmáttarrýrnun hjá meirihluta þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð frá borginni.

Hann segir fyrsta verk núverandi meirihluta hafa verið að stofna nýjan hóp, einstaklinga sem búa með öðrum, og sé hann nú fjölmennasti hópurinn sem þiggi aðstoð. Fjárhagsaðstoð einstaklinga sem reki eigið heimili hafi verið hækkuð en aðrir hafi ekki fengið verðbætur og

einstaklingar sem reki eigið heimili hafi dregist mjög aftur úr.

Þorleifur segir einnig að ákveði hjón eða sambúðarfolk að slíta samvistum á pappírnum geti þau áfram búið saman en þó fengið mun hærri fjárhagsaðstoð án þess að brjóta nokkrar reglur.

„Þessar tekjur verða þeir sem lifa á fjárhagsaðstoð að láta sér duga, jafnvel árum saman en réðu Sjálfstæðismenn borginni væru þær væntanlega enn lægri þannig að óprúttir kapitalistar næðu að

borga þeim verst settu enn lægri laun,“ segir Þorleifur.

Tekist var á um fjárhagsaðstoð á fundi velferðarráðs Reykjavíkur fyrir helgi. Í umfangullu blaðsins um málið um helgina kom fram sú skoðun Áslaugar Friðriksdóttur, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, að borgin hefði gert mistök með því að auka fjárhagsaðstoð til fólks, því hún drægi augljóslega úr fjárhagslegum hvata fólks til að fara út á vinnumarkaðinn.



ÁSLAUG FRÍDRÍKSÐÓTTIR

ÞORLEIFUR GUNNARSSON

**Stóreldhús**  
í Rekstrarlandi býðst fjölbreytt úrval af þaulreyndum gæðavörum fyrir stóreldhús.

**FÖST SÁPA**  
í sjálfvirkar uppþvottavélar, 5 kg.

**ALHLIÐA SÓTTBREINSIR**  
500 ml úðabrusi.  
Verð 599 kr.

**PVC-FILMA**  
45 cm x 300 m.  
Verð frá 1.830 kr.

**REKSTRARLAND**

Skeifunni 11 | Sími 515 1100  
www.rekstrarland.is

**Hefði viljað vera laus við geimverurnar**

Líf tveggja manna sem sögðust hafa verið numdir brott af geimverum fyrir fjörtíu árum varð aldrei samt. Óskaði þess aldrei að lenda í þessu segir annar þeirra. Engin önnur frásögn af fundum manna og geimvera hefur verið rannsökuð meira.

**BANDARÍKIN, AP** „Ég hef varla fengið að eiga mér nokkuð einkalíf,“ segir Calvin Parker yngri um líf sitt eftir að hann og félagi hans sögðu yfirvöldum frá því að þeir hefðu verið numdir brott af gráum geimverum með krabbaklær.

Félagi Parkers, Charles Hickson sá aldrei eftir því að hafa sagt yfirvöldum frá því þegar þeir voru numdir brott af geimverum fyrir fjörtíu árum og sagði söguna öllum sem vildu heyrja þar til hann dó fyrir tveimur árum. Parker dró sig hins vegar að mestu í hlé, en segir atvikið engu að síður hafa sett mark sitt á líf sitt.

„Þetta er nokkuð sem ég hefði aldrei óskað að gerðist,“ segir Parker. Hann hefur lítið tjáð sig um atvikið, en féllst á að segja fréttastofu AP sögu sína.

Atvikið sem þeir félagar sögðu frá hefur lengi verið þekkt meðal áhugamanna um fljúgandi furðuhluti og verur frá öðrum hnöttum, og í kjölfar þess að þeir sögðu sögu sína margfaldaðist fjöldi þeirra sem sögðust hafa hitt geimverur. Ekkert annað sambærilegt atvik hefur verið rannsakað jafn ítarlega.

Parker og Hickson unnu í skipasmíðastöð við bakka Pascagoula-árinna í Mississippí í Bandaríkjunum. Parker var 18 ára þegar þeir fóru saman niður að ánni til að veiða að kvöldi dags 11. október 1973. Þeir lýstu því fyrir yfirvöldum að þeir hefðu séð fljúgandi furðuhlut með blá ljós sem sveif í áttina til þeirra.

Hickson, sem var 42 ára, lýsti verunum þannig að þær hefðu verið gráar og með klær sem minntu á krabba. Hann sagði verurnar hafa gripið um framhandleggi þeirra beggja, og því næst svífið með þá inn í fljúgandi furðuhlutinn.

Mennirnir sögðu geimverurnar hafa rannsakað þá hátt og lágt. Parker segir að hann hafi verið



**STADFASTUR** Nú, fjörtíu árum eftir að hann segist hafa verið numinn brott af geimverum, er Calvin Parker yngri enn sannfærður um að hann og félagi hans hafi hitt gráar geimverur með krabbaklær.

með meðvitund allan tímann, en ekki getað hreyft sig.

„Þeir framkvæmdu nákvæma, og þá meina ég virkilega nákvæma, lækniaköðun,“ segir Parker. Eftir það segir hann að geimverurnar hafi skilað þeim niður á árbakkann aftur.

Hickson sagðist hafa þurft þrjú stau af sterku áfengi til að róa taugarnar áður en hann treysti sér til að segja lögreglu sögu sína. Enda töldu lögreglumennirnir líklegast að mennirnir hefðu verið drukknir og ímyndað sér atvikið.

Parker segir það af og frá. Eftir að hafa yfirheyrt þá í nokkurn tíma skildu lögreglumennirnir þá eftir saman í herbergi, en földu upptökutæki inni hjá þeim í þeirri von að koma upp um lygi.

Á upptökunni heyrsti hins vegar Hickson segja við Parker: „Ég er dauðhræddur líka. Ég óttast að við eigum ekki eftir að komast yfir þetta á meðan við lifum. Jesús Kristur hafðu miskunn.“

Glenn Ryder, fyrrverandi lögreglustjóri, og einn lögreglumanna sem yfirheyrðu tvímennsingana sagði ötta þeirra hafa verið



**SÖGÐU SÖGUNA** Calvin Parker yngri (til hægri) og Charles Hickson sögðu fjölmiðlum sögu sína viku eftir meintan fund með geimverum.

ósvikinn. „Ég veit ekki hvað kom fyrir þá. Ég var ekki með þeim. En ég veit að það er ekki hægt að gera sér upp svona ótta.“

Margir hafa reynt að benda á ósamræmi í sögum manna, og ekki er víst að margir trúir því að þeir hafi verið brottnumdir af gráum geimverum með krabbaklær. En nú fjörtíu árum eftir þetta afdrifarika kvöld er Parker jafn sannfærður um að það sé sannleikurinn og hann var þetta októberkvöld 1973.

brjann@frettabladid.is

**GÓÐAR FRÉTTIR ÚR KÓPAVOGI**

Við bjóðum Guðmund Daða og Magnús Birkir velkomna í raðir sjúkráþjálfara hjá Sjúkráþjálfun Kópavogs.

Við fögnum því líka að Valgeir Einar er mættur til starfa á nýjan leik eftir frí.

Nú leggjast fjórtán starfsmenn okkar á eitt um að veita þér stuðning til bættrar heilsu og aukins atgervis.

**SJÚKRÁÞJÁLFUN KÓPAVOGS**  
- stendur með þér -

Hamraborg 12 · 200 Kópavogi  
Sími 564 1766 - 554 5488 · sjk@sjk.is · www.sjk.is

Öflugasti fellibylurinn sem skellur á Indlandi í yfir áratug veldur miklu tjóni:  
**17 látnir á Indlandi eftir fellibyl**

**INDLAND, AP** Indverjar eru byrjaðir að fara yfir umfang tjóns sem varð eftir öflugan fellibyl sem fór yfir Indland um helgina. Þúsundir heimila eyðilögðust eftir að flæddi inn í bæi. Yfirvöld á Indlandi segja rýmingaráætlanir í Orissa-héraði og nágrenni hafa bjargað fjölda mannlífa en um milljón íbúum var gert að yfirgefa heimili sín í aðdraganda fellibylsins.

Yfirvöld vita enn aðeins um sautján dauðsfall vegna veðursins en búist er við að tölur um mann-

fall muni hækka. Fellibylurinn er sá öflugasti í yfir áratug sem fer yfir Indland.

Eignatjón er mikið og bylurinn eyðilagði gríðarlega mikla og verðmæta uppskeru í landinu.

Vöruflutningaskip sökk á Bengalflóa og átján manna áhöfn þess týndist daglangt en fannst í björgunarbáti um 185 kílómetrum frá Indlandsströnd í gær.

Veðrið er að ganga niður segja yfirvöld á Indlandi.



**EYÐILEGGING** Mótórhjólreiðamaður við ónýt umferðarljós eftir fellibylinn á Indlandi.


Við kennum börnum á lífið. Við kennum þeim að hjóla með hjálm og á göngustígum. Þau læra að sýna aðgát í samskiptum við ókunnuga. Tennur eru burstaðar á hverjum degi svo það verði að ævilöngum vana. Með bílstólum, gönguljósum og gúmmíhellum höfum við aðlagð heiminn að öryggi barna.

Stafræni heimurinn er fyrir löngu orðinn stór hluti af lífi okkar allra. Að láta sig öryggi barna á netinu varða á að vera jafn sjálfsagður hlutur og umferðarreglurnar. Við sættum okkur ekki við annað.

Á netinu eru skuggalegir staðir og leiðin þangað er óhugnanlega stutt. Í höndum unglinga geta skemmtilegir og gagnlegir snjallsímar snúist upp í andhverfu sína. Við höfum það í hendi okkar að lágmarka hættuna á því.

Þegar við setjumst niður með börnunum okkar og tölum við þau um þennan stóra og spennandi stafræna heim tökum við stærsta skrefið í þá átt.

# Byrjum að tala saman um örugg samskipti



Ómar Svavarsson  
Forstjóri Vodafone



**Vodafone**  
Góð samskipti bæta lífið

## HEIMURINN



## 30 lík fundin eftir að ferja sökk á Níger

**1 MALÍ** Allt að 160 var enn saknað í gær eftir mannskætt slys sem varð þegar ferja sökk á ánni Níger í Malí í fyrradag. Í gær höfðu 30 lík fundist. Fólk svaf um borð í bátnum þegar hann sökk á aðfaranótt laugardags, á leið sinni frá Mopti til Timbúktú. Staðaryfirvöld og eftirlifendur sögðust í gær telja að um 400 farþegar hefðu verið í ferjunni. Farþegar vöknúðu upp við skell og svo brotnaði báturinn í tvennt. Fréttastofa AP segir að á meðal farþega hafi verið fjöldi skólabarna, ýmist á leiðinni í skóla eða í frí.

## Íbúar missa trú á biskupi sínum í Limburg

**2 PÝSKALAND** Hart er deilt á Franz-Peter Tebartz-van Elst biskup kaþólsku kirkjunnar í Limburg í Pýskalandi, fyrir bruðl. Íbúðarhús sem hann lét byggja fyrir sig kostaði 31 milljón evra, eða rúman 5,1 milljarð króna, að því er fram kemur í Deutsche Welle. Lögregla stendur vakt við húsið, en höfðað hefur verið mál á hendur biskupnum fyrir að bera ljúgvitni fyrir dómi þar sem yfirdrifin útgjöld í sókninni voru til umfjöllunar.



## Nató hefur rannsókn á drápi á hermanni

**3 AFGANISTAN** Maður klæddur upp eins og liðsmaður í herliði Afganistans drap hermenn Nató í austurhluta Afganistans í gær. Fréttastofa AP hefur eftir fulltrúa herafila Nató að rannsókn sé hafin á árásinni, en ekki lágu fyrir upplýsingar um þjóðerni hermanna sem var drepinn. Flestir hermanna Nató á svæðinu eru þó frá Bandaríkjunum. Í það minnsta 15 erlendir hermenn hafa á árinu látið lífið í árásum af þessu tagi, miðað við 62 á síðasta ári. Alls hafa á þessu ári 133 hermenn Nató látið lífið, 104 frá Bandaríkjunum.

## Mótmeala kjarnorkuvá



Á MÓTI KJARNORKU Mótmealandur með skilti og borða hrópuðu slagorð í fjölmennum mótmealum gegn notkun kjarnorku í Tókýó, höfuðborg Japans í gær. Þar komu saman nokkur þúsund manns í kröfugöngu og á baráttufund. NORDICPHOTOS/AFP

# GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ

## 500 ÞÚS. KR. KAUPAUKI FYLGIR QASHQAI



OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

### NISSAN QASHQAI DÍSIL 4WD

#### VERÐ FRÁ 4.990 ÞÚS. KR.

Þeir sem kaupa Qashqai eru að leita að fallegum fjórhjóladrifnum bíl sem er hagkvæmur í rekstri og góður í endursölu.

**Qashqai eyðir einungis frá 4,6 l/100 km**

Qashqai 1,6 dCi beinsk.  
Verð: 4.990 þús. kr.

Qashqai+2 1,6 dCi beinsk. 7 manna  
Verð: 5.390 þús. kr.

Qashqai 2,0 bensín, sjálfsk.  
Verð: 5.790 þús. kr.

Qashqai 2,0 dCi sjálfsk.  
Verð: 6.090 þús. kr.

### KAUPAUKI AÐ ANDVIRÐI

#### 500 ÞÚS. KR.

- Vetrardekk
- Dráttarbeiði
- iPad 32 GB

iPad 32GB fylgir með ásamt veglegri hlífðartösku



Innovation that excites

NISSAN  
QASHQAI

BL ehf

Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.bilahusid.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akureyri  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080



**AAA EINKUNN**

**OptiSense tækni**

**1600 SNÚNINGA**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**109.900**  
SPARAÐU 20.000

**AEG**

**L-60660FL Þvottavél**  
1600 snúninga með OptiSense þvottatækni.  
✓ LCD tímaskjúr - sýnir lengd kerfis.  
✓ Sérkerfi fyrir blettavott.  
✓ 30 cm hurðarop með 170° opnun.  
✓ Hraðval 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum.  
✓ Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullarkerfi og handþvottakerfi og ofnæmisskolun.  
✓ Seinkun á gangsetningu 0-23 klst.  
✓ Tímaskjár.  
✓ Mishleðsluskynjun.  
✓ Einföld í allri notkun.  
✓ A++/A/B einkunn f.orkunýtni þvott og vindu.  
✓ Fullt verð kr. 129.900.-

**Electrolux**

**EWP-1474TDW Þvottavél**  
Mest seldi þvottavélin okkar. Ötrúlega lág bilanatíðni. Vélin er hlaðin þægindum og nýrri tækni. Byður upp á sveigjanlegan þvottatíma.  
✓ Hraðval 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum með TimeManager.  
✓ 1400 sn. stillanlegur vinduhráði.  
✓ Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullarkerfi og handþvottakerfi og ofnæmisskolun.  
✓ Seinkun á gangsetningu 0-23 klst.  
✓ Tímaskjár.  
✓ Mishleðsluskynjun.  
✓ Einföld í allri notkun.  
✓ A++/A/B einkunn f.orkunýtni þvott og vindu.  
✓ Fullt verð kr. 119.900.-

**AAB EINKUNN**

**1400 SNÚNINGA**

**XL 7 KG**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**89.900**  
SPARAÐU 30.000

**Electrolux**

**ESF-63012W Uppþvottavél**  
Einföld og vönduð uppþvottavél með A/A/A einkunn fyrir orku, þvott og þurrkun.  
✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. sparnaðar- og erfiðskerfi ásamt skolun.  
✓ Val um hitastig 50/60/70°C og Auto.  
✓ Framstillt ræsing 3 klst.  
✓ HxBxD: 85 x 59,6 x 59 cm.  
✓ Fullt verð kr. 84.900.-

**AAA EINKUNN**

**70° KERFI**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**69.900**  
SPARAÐU 15.000

**ZANUSSI** Zanussi er dótturmerki Electrolux

**ZTH-485 Barkalaus þurrkari**  
Með tækni morgundagsins notar þessi þurrkari helmingi minni orku en hefðbundnir þurrkarar.  
✓ Tekur allt að 7 kg - 40% meira en eldri gerðir.  
✓ Fullkominn rakaskynjari.  
✓ LED upplýsingaskjár um rauntíma o.fl.  
✓ Framstillt ræsing möguleg 0-23 klst.  
✓ 14 mismunandi þurrkerfi.  
✓ Stór 38 cm lúga sem gerir alla notkun þægilegru.  
✓ Orkuflokkur A-40%. 40% minni orkunotkun en orkuflokkur A.  
✓ Hljóðmerki í lokin (valkvætt).  
✓ HxBxD 85 x 60 x 60 cm.  
✓ Verð áður kr. 149.900

**A-40% ORKA**

**RAKA-SKYNJARI**

Sjáðu rafmagns-reikninn lækka!

KYNNINGARVERÐ KR.  
**119.900**  
SPARAÐU 30.000

**Electrolux**

**EFC-90247X Veggháfur**  
Glæsilegur 90 cm háfur með glerskyggni og halogen ljósum.  
✓ Snertitakkar.  
✓ 3 hraðastillingar.  
✓ Öflugur mótör og sogafköst.  
✓ Þvoanleg fitusía úr ál.  
✓ Möguleiki á útblæstri eða kolásu.  
✓ Fullt verð kr. 99.900.-

KYNNINGARVERÐ KR.  
**69.900**  
SPARAÐU 30.000

**Electrolux**

**EOB-2200BOX Ofn**  
Flottur stálofn með fjölda kerfa og klukku.  
✓ 8 eldunarkerfi þ.á.m. blástur, undir- og yfirhiti, stórt/lítið grill og gratínering  
✓ 70 lítra ofn - 20% stærri en eldri gerðir  
✓ Orkuflokkur A-10%.  
✓ Fingrafararfrítt burstað stál.  
✓ Fullt verð kr. 89.900.-

**BLÁSTUR**

**XL 70 L**

Pr. stk

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**69.900**  
SPARAÐU 20.000

**SNERTITAKKAR**

**HRAÐHELLUR**

**Electrolux**

**EHF-16240XK Keramik helluborð**  
Keramik helluborð með snertitökkum og HighLight hraðhellum  
✓ 4 HighLight hraðhellur þ.á.m. ein XL.  
✓ Barnalæsing.  
✓ LED skjúr  
✓ Fullt verð kr. 89.900.-

**MERKI SEM ÞÚ GETUR TREYST Á VERÐI SEM HEFUR BREYST!**

**SAMSUNG**

**SC-5610 Ryksuga**  
Vönduð heimilisyksuga með 9,5 metra vinnuradius.  
✓ Óragnasía og 3,5 lítra poki.  
✓ Stálskaft.  
✓ Lárétt / lóðrétt geymslustaða.  
✓ Evrópsk framleiðsla.  
✓ Fullt verð kr. 19.990.

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**9.995**  
50% AFSLÁTTUR

**Electrolux**

**EN-3441AOW/AOX Kæli- og frystiskápur**  
Glæsilegur og vel búinn skápur í alla staði með sjálf-virkri afhrimingu í kæli- og frysti.  
✓ 100% afhriming í frysti. Sparar orku og fyrirhöfn og maturinn geymist betur án frostskeimda.  
✓ TwinTech tækni - meiri loftgæði við kælingu.  
✓ FreshZone 2-3°C skúffa fyrir kjöt, fisk, álegg.  
✓ Flöskurekki, glerhillur og LED lýsing.  
✓ HxBxD: 185 x 59,5 x 63 cm.  
✓ Fullt verð kr. 159.900 / 169.900.

**185 CM HÁR**

**FRESH-ZONE**

**LED LÝSING**

**NO FROST**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **HVÍTT**  
**129.900**  
SPARAÐU 30.000

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **STÁL**  
**139.900**  
SPARAÐU 30.000

KYNNINGARVERÐ KR.  
**111.111**  
SPARAÐU 58.789

**AEG**

**AN-91250-5I Frystiskápur**  
123 lítra frystiskápur sem þarf aldrei að afhrima. 4 skúffur + 1 hólf með loki.  
✓ Stafrænt stjórnbörð og hitastýring.  
✓ Fullt verð kr. 169.900.

**Electrolux**

**EDB-5136GR Gufustraujárn**  
Vandað gufustraujárn með 4Safety öryggiskerfi sem slekkur sjálfkrafa á straujárninu.  
✓ Öflugt 110g gufuskot  
✓ SuperGliss keramíksóli  
✓ Verð áður kr. 11.990

**2300W**

**ÖFLUG GUFA**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**6.990**  
42% AFSLÁTTUR

**TRISTAR**

**PZ-2963 Rafmagnspanna**  
Þrælsniðug 30 cm rafmagnspanna með glerloki  
✓ Þvermál 30 cm  
✓ Til að grilla, elda, steikja og halda heitu  
✓ Hitastillir  
✓ Viðloðunarfrítt yfirborð  
✓ Hert öryggisgler með lofttúðu  
✓ 1500W element  
✓ Verð áður kr. 5.990

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**3.990**  
34% AFSLÁTTUR

**Rafha ehf**

Opíð | Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík  
virka daga 9-18 | Sími 5880500  
laugardaga 11-17 | [www.rafha.is](http://www.rafha.is)

# Ísraelski herinn telur að Hamas-samtökin hafi ætlað að ráðast á leikskóla: Göng frá Gaza fundust í Ísrael

**ÍSRAEL, AP** Ísraelski herinn hefur fundið jarðgöng sem grafin voru frá Gaza-svæðinu yfir til Ísrael. Herinn telur uppreisnarhópa hafa ætlað sér að nota göngin í þeim tilgangi að ráðast á eða ræna ísraelskum borgurum.

Herinn stöðvaði í hefndarskyni allan flutning á byggingarefnum yfir til Palestínu. Einn talsmanna Hamas-samtakanna á Gaza-svæðinu, Abu Obeida, sagði á Twitter að þúsundir jarðganga til viðbótar yrðu grafin í staðinn.

Göngin eru að sögn hersins 2,5 kílómetrar að lengd og virðast hafa verið grafin nýlega og verið í notkun þar til þau voru uppgötvuð í síðustu viku.

Op ganganna fannst nálægt samyrkjubúi við landamærin og grunar herinn að Hamas-samtökin hafi ætlað sér að ráðast á leikskóla í samyrkjubúinu.

Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, fagnaði uppgötvuninni og sagði öryggisstefnu Ísraels við Gaza-svæðið hafa leitt til



**MEÐ LÍFVÖRDUM** Benjamin Netanyahu, mætir á ríkisstjórnarfund í Jerúsalem í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„hljóðlátasta árs Gaza-svæðisins í meira en áratug.“

- fbj



**BLÖNDUÓSRÚ** Brúin yfir Blöndu er orðin 50 ára gömul – byggð á árunum 1962 til 1963.

MYND/HUNI.IS

## Blöndubrú sögð hættuleg

Gangandi og hjólandi stafar hætta af þrengslum á brúnni yfir Blöndu. Úrbóta þörf án tafar. Göngubrú átti að leysa vandann en er ekki í sjónmáli. Vegagerðin skilur að þolinmæði heimamanna sé á þrotum.

**SAMGÖNGUR** Ástand þjóðvegabrárarinnar yfir Blöndu er með öllu óásættanlegt og vegfarendum hættulegt, segja heimamenn á Blönduósi. Þeir þrýsta á aðgerðir og vilja samráð við Vegagerðina um úrbætur.

„Ástand brúarinnar er með öllu óásættanlegt þar sem hún er of mjó fyrir akandi umferð og hættuleg fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Bæjarráð telur að úrbóta sé þörf strax,“ segir í bókun bæjarráðs sem hefur falið bæjarstjóra og tæknideild bæjarins að ræða við Vegagerðina.

Ágúst Þór Bragason, forseti bæjarstjórnar, segir tímabært að ráðast í mikið viðhald á brúnni. En meginvandinn sé að brúin var þrengd til að koma að göngubrautum yfir brúna sem hefur þrengt að öllum sem um brúna fara; akandi, hjólandi eða gangandi.

„Það verður að búa svo um hnúta að þessi leið sé örugg og afkasti því sem hún á að gera,“ segir Ágúst Þór. Hann segir að fjármagn hafi verið eyrnamerkt árið 2008 til að bæta þjóðveginn í gegnum Blönduós en ekkert hafi orðið af neinu. „Við erum því að hamra á því að fara í þessa framkvæmd – að hún verði sett framur í forgangsröðina.“

Gunnar H. Guðmundsson, svæðisstjóri Vegagerðarinnar á Norðurlandi, segir gagnrýni heimamanna réttmæta upp að vissu marki. „Brúin er þröng og vandamál koma

„Ástand brúarinnar er með öllu óásættanlegt þar sem hún er of mjó fyrir akandi umferð og hættuleg fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Bæjarráð telur að úrbóta sé þörf strax.“

Bókun bæjarráðs Blönduósbæjar.

ekki síst upp í snjóum. Það eru til áætlanir um að koma gangandi vegfarendum af brúnni og á göngubrú neðar.“

Hér vísar Gunnar til hugmynda um göngubrú yfir Blöndu, um 100 metrum fyrir neðan þjóðvegstrúna, sem hins vegar er ekki á samgönguáætlun.

„Fáist göngubrú getum við víkkad akbrautina. Annað vandamál er hringtorgið rétt við brúna sem er of lítið og þröngt, sérstaklega fyrir stærri bíla. Við erum búnir að hanna nýtt torg, en það er spurning um hvenær við fáum peninga í það. En þetta hangir saman, brúin og torgið,“ og tekur undir orð heimamanna að það sé óhugnanlegt að vera staddur á brúnni þegar stórir bílar fara yfir hana.

„Ég skil því heimamenn á Blönduósi vel. Þegar búið er að gera frumdrög og kostnaðarmat liggur fyrir þá vilja menn þrýsta á framkvæmdir,“ segir Gunnar. svavar@frettabladid.is



MYNDEFTIRLIT

### SKARPARI SÝN MEÐ MYNDEFTIRLITSKERFI FRÁ AVIGILON

Tæknileg fullkornun og notendavænt viðmót hefur skilað Avigilon forystu á öryggismarkaði.

ÞEGAR NÁNAR ER SKOÐAÐ KEMUR AÐEINS EITT TIL GREINA.

Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma 580 7000 og fáðu upplýsingar og ráðgjöf við myndeftirlit og aðrar öryggislausnir.



ÍSLENSKI SÍMUR SECURITAS 09/13

# ED DU MED DÍBBLAD NEB?



ÁN  
ROTVARNAR-  
EFNA

Parftu að losa um stífluna?  
Notaðu **Nezeril** og andaðu léttar.

# AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

10.-16. OKTÓBER

**AÐEINS  
Í FIMM  
DAGA..!**

**0%  
vextir**  
Vaxtalausar  
raðgreiðslur  
í tólf mánuði!



# ÞVOTTADAGAR

## 20% afsláttur af öllum þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum

Nýkomnir gámar með 600 AEG tæki í þvottahús Íslendinga.

**ÞVOTTAVÉL** LAVAMAT 60260FL  
ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

1200 snúninga  
Taumagn 6 kg  
Öll hugsanleg  
þvottakerfi  
Íslensk notendahandbók

Listaverð:  
135.900,-  
Þú sparar:  
27.180,-

**AEG**

TILBOÐSVERÐ – **108.720,-**

**UPPÞVOTTAVÉL** FAVORIT 45010-W/M

12 manna stell  
5 þvottakerfi  
Turbo-þurrkun  
Hljóðlát vél: 47db (re 1 pW)  
Orkunýtni: A  
Þvottahæfni: A  
Þurrkhæfni: A

**AEG**

TILBOÐSVERÐ – **87.920,-** HVÍT  
**95.920,-** STÁL

**UPPÞVOTTAVÉL** ZDF2010 - W/M

12 manna stell  
5 þvottakerfi  
4 hraðastillingar  
A/A/A orkunýting  
Hljóð 51db  
Þvottahæfni: A  
Þurrkhæfni: A

**ZANUSSI**

TILBOÐSVERÐ – **79.900,-** HVÍT  
**89.990,-** STÁL

**ÞVOTTAVÉL** LAVAMAT 87680FL  
ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

1600 snúninga  
Taumagn 8 kg  
Öll hugsanleg  
þvottakerfi  
Kolalaus mótur  
Íslensk notendahandbók

Listaverð:  
197.900,-  
Þú sparar:  
39.580,-

**AEG**

TILBOÐSVERÐ – **158.320,-**

**ÞURRKARI** LAVATHERM T76280AC  
ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

Barkalaus  
Rakaskynjari  
Taumagn: 8 kg  
Íslensk notendahandbók

Listaverð:  
149.900,-  
Þú sparar:  
29.980,-

**AEG**

TILBOÐSVERÐ – **119.920,-**

FRÁBÆRT PAR OG MIKILL SPARNADUR:

**ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI**  
LAVAMAT 75470 & LAVATHERM T76280  
ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

ÞVOTTAVÉL  
1400 snúninga · Taumagn 7 kg  
Öll hugsanleg þvottakerfi  
Íslensk notendahandbók

ÞURRKARI  
Barkalaus með rakaskynjara  
Taumagn 8 kg  
Íslensk notendahandbók

Listaverð á PARINU:  
329.800,-  
Þú sparar:  
65.960,-

**AEG**

TILBOÐSVERÐ – **PARIÐ 263.840,-**



Athugið! Þjóðum einnig:  
**AEG RYKSUGUR – 20% afsláttur**  
**AEG SMÁRAFTÆKI – 25% afsláttur**



# ORMSSON

**AEG hjá ORMSSON síðan 1927**

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS

ORMSSON  
KEFLAVÍK  
SÍMI 421 1535

ORMSSON  
AKRANESI  
SÍMI 530 2870

ORMSSON  
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI  
SÍMI 456 4751

KS  
SAUDÁRKRÓKI  
SÍMI 455 4500

ORMSSON  
AKUREYRI  
SÍMI 461 5000

ORMSSON  
HÚSAVÍK  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
VÍK-EGILSSTÖÐUM  
SÍMI 471 2038

ORMSSON  
PAN-NESKAUPSTAÐ  
SÍMI 477 1900

ORMSSON  
ÁRVIRKINN-SELFOSSI  
SÍMI 480 1160

GEISLI  
VESTMANNAEYJUM  
SÍMI 481 3333

Einn af hverjum þremur Íslendingum atvinnulaus:

## Ótrúlegar atvinnuleysisstölur

Nú þegar rúm fimm ár eru liðin frá hruni erum við enn að gera upp bankahrunið „svokallaða“ og gengur á ýmsu. Á forsiðu Fréttablaðsins í dag segjum við frá því að í ársbyrjun 2008 og til dagsins í dag hafa 62 þúsund Íslendingar verið á atvinnuleysisráði, yfir lengri eða skemmri tíma, og þurft að þiggja bætur. Um 120 milljarðar hafa farið beint í bætur auk tuga milljarða sem farið hafa í sérstök úrræði til að bæta atvinnuástandið.

Að einn af hverjum þremur vinnubærum Íslendingum hafi verið atvinnulaus og farið á bætur er sláandi. Ekki þarf að fara mörgum orðum um hver áhrif þetta hefur haft á viðkomandi einstaklinga og fjölskyldur þeirra. Þá liggur það fyrir að ungt fólk, sem er að stíga sín fyrstu spor á vinnumarkaði, hefur minnstu atvinnuöguleikana. Það á eftir að koma í ljós hver langtímaáhrifin af þeirri stöðu verða.

Runólfur Ágústsson, stjórnarformaður Vinnuástandafundar, segir að þau úrræði sem ganga út á að koma fólki af atvinnuleysisráði hafi virkað mjög vel. Þar er um að ræða niðurgreidd störf og lengri starfssamningar:

„Fáir sem hafa farið inn í slík verkefni hafa komið til baka á bætur þegar niðurgreiðslu lýkur,“ segir Runólfur en þessi úrræði henta ungu fólki sérstaklega vel. Þannig hefur Vinnuástandafundur tekist að milda áhrif kreppunnar að mati Runólfs sem bætir því við að átaksverkefni sem þessi verði að vara stutt því engin framtíð sé í því að niðurgreiða störf með almannafé.

Vissulega má taka undir með Runólfi að margt hefur gengið ágætlega. Líkast til má tala um mjúka landingu. En, það er ekki síður vert að taka eftir því sem hann segir varðandi það að ekki sé á niðurgreiddri atvinnustarfsemi að byggja til framtíðar. Við hljótum að horfa til verðmætasköpunar og því miður gefa tölur um þjóðarframleiðslu ekki tilefni til mikillar bjartsýni. Runólfur hefur áhyggjur og líkir aðgerðum Vinnuástandafundar við að troða marvaðann í kreppuástandi.

Hinar gríðarhá atvinnuleysisstölur koma á óvart. Fráfarandi ríkisstjórn lagði mikið undir við að koma fólki af atvinnuleysisráði. Hún stóð meðal annars fyrir áttatíu Nám er vinnandi vegur sem gekk út á að koma þeim sem voru atvinnulausir í nám. Menntun er góð í sjálfu sér en fólk skal þó ekki líta hjá því að slíkt átak er ekki hættulaust því það getur hæglega orðið til að gengisfella námið með því að kröfur um námsárangur verði minni. Þá eru ótaldar allar þær fjölskyldur sem hafa horfið af landi brott. Á móti kemur svo hitt að það er ekkert leyndarmál að atvinnuleysisbætur og námslán eru talsvert undir þeim framfærsluviðmiðum sem síðasta ríkisstjórn kynnti fyrir um tveimur árum. Ef þau viðmið eru rétt hlýtur fólk að fá peninginn einhvers staðar frá og vitað er að hér þrífst tvöfalt hagkerfi að hluta. Hér er átt við svarta atvinnustarfsemi en samkvæmt ríkisskattstjóra er líklegt að hún sé enn að aukast. Verkefni núverandi ríkisstjórnar hlýtur að vera það að setja upp raunsæisglæraugu; um leið og gengið er til atlögu við það verður að búa svo um hnúta að fólk sé ekki hreinlega neytt til að svíkja undan skatti.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUÐLÓGI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**Iceland's Finest**

*Fiskisúpa*  
*Humarsúpa*

Iceland's Finest humar- og fiskisúpan eru framleiddar úr besta fánlega hráefni. Einstaklega ljúffengar, bragðgóðar og tilbúnar til upphitunar. Fljótlegt og þægilegt.

FRYSTIVARA FÆST Í NÆSTU VERSLUN

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Andvana fæðing trúfélags**  
Varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar, Kristín Soffía Jónsdóttir, vakti athygli um helgina eftir að hún sagði frá ákvörðun sinni um að stofna nýtt trúfélag. Læknisvísindakirkjuna. Munu sóknargjöld kirkjunnar renna til tækjakaupa á Landspítalanum. Í umræðum á síðu Kristínar lét Bjarni Jónsson, varaformaður Siðmenntar, sig málið varða og sagði í athugasemd við yfirlýsingu Kristínar að tilraunin væri andvana fædd. Reynsla hans af því að skrá Siðmennt sem líffsköðunarfélag bendi til þess að lögin séu frekar stíf. Siðmennt telji að ríkið eigi að hætta skráningu á

trú- og líffsköðunum fólks og leggja sóknargjaldakerfið niður en um sé að ræða skatt sem allir borga þó þeir séu skráðir utan féлага. Það fer vonandi ekki svo að fyrsta verk hins óstofnaða trúfélags verði að jarðsyngja sig sjálf.

### Leyndarmál

Beiðni þingflokks Vinstri grænna um afrit af öllum gögnum hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar var hafnað af forsætisráðuneytinu á dög-

unum. Þá var því einnig hafnað að birta tillögur sem hópnun barst frá almenningi. Höfnunin er áhugaverð í ljósi þess að haft var eftir formanni fjárlaganefndar, Vigdís Hauksdóttur, að hagræðingarhópurinn hefði ekkert að fela og það væru engin leyndarmál í gögnum hópsins. Taldi Vigdís að frekar myndu tillögur hópsins vekja gleði og von í brjósti landsmanna. Svo virðist sem leyndarmál hópsins sé sannarlega ekki talin eiga erindi við almenning til að vekja gleði og von í brjóstum.

fanney@frettabladid.is



### HALLDÓR



## SÁÁ tók á móti mér

### SAMFÉLAG



Pálmi Gunnarsson tónlistarmaður

Það er ófrávikjanlegur hluti af lífsgöngunni að þurfa einhvern tímann að horfast í augu við erfiðar aðstæður. Ástvinir veikjast og deyja, við verðum fyrir andlegum og líkamlegum áföllum eða missum fótanna með einum eða öðrum hætti. Þá er gott að eiga góða að, einhverja sem rétta hjálparhönd á erfiðum tímum. Fæstum sem fá sér í tána í fyrsta sinn dettur í hug að fram undan geti verið ferli sem í versta tilfalli leiðir til dauða. Fæstir hugsa um það við fyrstu jónu, hassreyk eða inntöku örvandi efna að lokakaflinn í lífsgöngunni geti mögulega orðið andleg og líkamleg örkuð þannig að ekki verði aftur snúið.

Ég er einn af þeim sem segja má að hafi ánetjast fíkninni á fyrsta fylleríi. Næstu áratugir voru dagleg barátta sem á endanum var orðin upp á líf og dauða. Sjúklegt ástand þar sem vanmátturinn var algjör. Allt sem ég vildi standa fyrir sem manneskja var ógerlegt af því að fíknin réði ríkjum. Ég veit í dag að ef ekki hefði verið fyrir SÁÁ hefði ég ekki komist lífs af úr þeim hildarleik. Þegar ég leitaði hjálpar hjá SÁÁ var tekið á móti mér og að mér hlúð, andlega og líkamlega. Leiðin til bata tók sinn tíma, bylturnar voru nokkrar, en dyr SÁÁ stóðu opnar og ég gat leitað hjálpar á ný.

→ Ég veit í dag, að ef ekki hefði verið fyrir SÁÁ hefði ég ekki komist lífs af úr þeim hildarleik. Þegar ég leitaði hjálpar hjá SÁÁ var tekið á móti mér og að mér hlúð, andlega og líkamlega. Leiðin til bata tók sinn tíma, bylturnar voru nokkrar, en dyr SÁÁ stóðu opnar og ég gat leitað hjálpar á ný.

Það eru tæplega níttján ár síðan ég gekk dálítið boginn út í lífið eftir dvöl á Vogu og í framhaldinu Staðarfalli. Uppgefinn eftir áratugalanga neyslu en tilbúinn fyrir nýtt líf. Ég er einn af þúsundum þakklátra einstaklinga sem lifa góðu lífi í dag fyrir tilstilli þessara einstöku samtaka. Samtaka sem voru stofnuð af áhugafólki um líf án áfengis og vímuefna, fólk sem vissi hvað við var að etja og tók af skarið til hjálpar. Ég hvet alla Íslendinga til að leggja lið landssöfnun SÁÁ, Áfram Vogur, til styrktar Sjúkrahúsínu Vogu. Höfum í huga að það eru meiri líkur en minni á því að á einhverjum tímum í lífi okkar muni einhver okkur nákominn ánetjast fíkniefnum og þurfa á aðstoð SÁÁ að halda.

# „Brennivínið gefur anda og snilli“

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur

Það er svo margt sem aflaga hefur farið hjá okkur Íslendingum og stundum er talað eins og þessi þjóð sé mestu asnar í heimi, viti ekkert, kunni ekkert, læri ekkert og geti ekkert – nema verið asnar.

Ætli það sé ekki eitthvað orðum aukið. En af einu getum við sem samfélag samt verið nokkuð stolt: okkur hefur auðnast að meðhöndla alkóhólisma hjá mjög mörgu fólki á umliðnum áratugum, hjálpað fólki að rata út úr ánaud fíknar og í átt til allsgáðrar tilveru.

Gamall kunningi úr Vogunum vildi að ég minnti hér í þessum dálki á það góða starf sem fram fer á Vogu. Það er auðsótt mál. Og þótt ég sé ekki góður í því að ráðleggja fólki um það hvernig það á að verja fé sínu er rétt að hvetja alla aflögufæra einstaklinga sem hugsa hlýlega til þessarar starfsemi til þess að styrkja þá uppbyggingu sem þar er fyrirhuguð í öllum niðurskurðinum og harmkvælnum.

Vel má vera að deila megum einn og annað í þeirri miklu starfsemi sem á Vogu hefur farið fram en hitt fer þó ekki á milli mála að mörg mannslíf hafa verið endurheimt þar, í öllum skilningi, bæði þeirra sem við sjúkdóminn hafa glímt í eigin skinni – og þeir fyrir vikið eignast margar stundir sem ella hefðu glatast – og líka hinna sem mega gjalda fyrir sjúkdóminn sem aðstandendur, með margvíslegum afleiðingum, leyndum og ljósum.

Manni verður hugsað til allra hinna sem fórust en hefðu getað bjargast. Manni verður hugsað til allra þeirra verðmæta sem farið hafa í súginn í vímunni; allrar þeirrar orku sem leyst var úr læðingi í vímunni til einskis og varð eyðingarafli en ekki sköpunarafli.

„Ég drekk og finn mitt æskuvor / en eldist við hvert drykkju-spor“, orti Páll Ólafsson, þetta næma skáld sem rómaði brennivínið af meiri þrótti og snilli en aðrir en vissi samt þetta: sá sem drekkur eldist við hvert drykkju-spor; fólk lifir sterkt eitt augnablik í vímunni en þar er líka hver dagur sem nokkur ár.

## Fráls vilji eða DNA?

Þeir tala um alkóhólistagen. Og var víst eitt af því sem átti að gera okkur rík í síðustu bólu – að hafa þessi óskaplegu gen. Ég veit það ekki. Ég er ekki nógu vel að mér í líffræði til að vita hvort til sé alkóhólistagen, þjófagen, lygagen, utanviðsig-gen eða kærleiksgen. Held samt ekki. Getur ekki verið að við höfum gert fullmikið úr því að allt okkar framferði stafi af virkni gena? Er þetta ekki hálf vonarsnaud víska og vélræn? Er þessi vísindatrú studd eitthvað meiri þekkingu – í raun og veru – en önnur trúar-

Við megum ekki ganga of langt í því að telja fyllirí séríslenskt fyrirbæri – slíkar samkomur tíðkast víða um norðurálfu ...

